

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 186/2014

2015/EES/8/41

frá 26. febrúar 2014

## um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 823/2012 að því er varðar lokadag samþykkis fyrir virku efnunum etoxýsúlfúróni, oxadiargýli og varfaríni (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum annarri málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Lokadegi samþykkistímabils fyrir virku efnin etoxýsúlfúrón, oxadiargýl og varfarín, sem er settur fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011<sup>(2)</sup>, var frestað til 31. júlí 2016 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2012<sup>(3)</sup> til að gera umsækjendum kleift að virða þriggja ára fyrirvarann sem er krafist skv. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Ekki voru lagðar fram neinar umsóknir um endurnýjun samþykkis fyrir virku efnunum etoxýsúlfúróni, oxadiargýli og varfaríni innan þriggja ára fyrirvarans.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 57, 27.2.2014, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 272/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2012 frá 14. september 2012 um að vika frá framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar lokadag samþykkis fyrir virku efnunum 2,4-DB, bensósýru, betasýflútríni, karfentrasónetýli, *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamiði, sýflútríni, deltametríni, dímeten-amíði-P, etófúmesati, etoxýsúlfúróni, fenamídoni, flasasúlfúróni, flúfenaseti, flúrtamóni, fóramsúlfúróni, fospíasati, ímasamoxi, ídósúlfúróni, ípródióni, ísoxafílútóli, línúróni, malínhydrasíði, mekóprópi, mekóprópi-P, mesósúlfúróni, mesótríoni, oxadiargýli, oxasúlfúróni, pendímetalíni, píkoxystróbin, própikónasóli, própínebi, própoxýkarbasóni, própýsamiði, píraklóstróbin, sílþíófami, trifloxýstróbin, varfaríni og soxamíði (Stjtið. ESB L 250, 15.9.2012, bls. 13).

<sup>(3)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

3) Þar eð engar slíkar umsóknir voru lagðar fram er rétt að fastsetja lokadagsetninguna sem hina fyrstu sem unnt er eftir upphaflega lokadagsetningu, eins og hún var fastsett fyrir samþykkt reglugerðar (ESB) nr. 823/2012.

4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 823/2012 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

## Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 823/2012

Ákvæðum 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 823/2012 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1) 31. júlí 2016 að því er varðar virku efnin: etófúmesat (færsla 29), ímasamox (færsla 41), oxasúlfúrón (færsla 42), fóramsúlfúrón (færsla 44), sýasófamið (færsla 46), línúrón (færsla 51), pendímetalín (færsla 53), trifloxýstróbin (færsla 59), karfentrasónetýl (færsla 60), mesótríon (færsla 61), fenamídon (færsla 62) og ísoxafílútól (færsla 63),“

b) Eftirfarandi 4. liður bætist við:

„4) 31. mars 2014 að því er varðar virku efnin: etoxýsúlfúrón (færsla 43), oxadiargýl (færsla 45) og varfarín (færsla 120).“

2. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---